




Efstaleiti 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /USK23110106

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. desember 2023 var lögð fram fyrirspurn Ríkisútvarpsins ohf., dags. 8. nóvember 2023, um breytingu á deiliskipulagi Efstaleitis vegna lóðarinnar nr. 1 við Efstaleiti sem felst í breytingu á staðsetningu göngutengingar/tröppum á horni Bústaðavegar og Háaleitis þannig að göngutengingin/tröppur verða færðar austan við húsið við Háaleitisbraut, samkvæmt uppdr. M11 arkitekta, dags. 8. nóvember 2023.



Deiliskipulag



Loftmynd



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Listabraut- Rúv- Miðsvæði með áherslu á blandaða byggð. Íbúðir (ÍB) og samfélagsþjónusta (S) (sbr. gr. 6.2.d. í skipulagsreglugerð), auk verslunar og þjónustu og skrifstofa. Ekki er gert ráð fyrir gististöðum á svæðinu. Á þeim hluta svæðisins þar sem íbúðarbyggð er ráðandi, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi, er heimilt að hafa íbúðir á jarðhæðum en annars skuli íbúðir einkum vera á efri hæðum

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Rúv reit, samþykkt í borgarráði 21.júlí 2016 ásamt síðari breytingum.

Fyrirspurn

Lóðarhafi Efstaleitis 1 leggur fram fyrirspurn þess efnis hvort að heimild sé fyrir því að fjarlægja tröppur sem er göngutenging við suðaustur hluta lóðarinnar á horni Bústaðavegar og Háaleitisbrautar. Við það mun göngutenging þar lokast. Í stað þeirrar tengingar yrðu settar upp nýjar tröppur sem yrðu austan við Ruv.hús og tengja gangstétt við Háaleitisbraut og lóð við Efstaleiti 1. Ástæða fyrirspurnar er að vegna mikils hæðarmunar og bratta reynist lóðarhafa erfitt að halda núverandi tröppunum öruggum fyrir fótgangandi vegfarendur, sér í lagi um vetur í snjó og klaka.

Umsögn

Í gildandi deiliskipulagi er gerð grein fyrir göngutengingu sem taka mið af bæði stígakerfi borgarinnar og flæði gangandi vegfarenda innan reitsins. Í skilmálum er sérstaklega tekið fram að „Til að styðja við tengsl við almenningssamgöngur og nálægð göngustíga er lögð mikil áhersla á góðar göngutengingar gegnum reitinn.“

Núverandi staðsetning á tröppum tengir Jaðarleiðið inn á stígakerfi borgarinnar við gatnamót Bústaðavegar og Háaleitisbrautar, og er þannig í stystu legu á leið suður eða austur. Tillaga að nýrri

staðsetningar trappanna gerir göngutengingarnar enn verri, þar sem tengingar til norðurs úr Jaðarleiti er nú þegar ágæt meðfram Útvarphúsinu inn á Lágaleiti, meðan tengingar til suðurs og austurs verður verri.

Sé erfitt að halda tröppunum við svo þær séu öruggar í snjó og klaka má endurskoða hönnun og útfærslu trappanna í samræmi við gildandi skipulag.

Niðurstaða

- Neikvætt sbr. umsögn

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri